

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1413**2030/EES/705/51**

frá 3. ágúst 2017

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 31. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Sinkoxíð er leyft sem litgjafi í snyrtivörum samkvæmt færslu 144 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.
- 2) Í álitinu sínu frá 18. september 2012 ⁽²⁾, sem var endurskoðað 23. september 2014 ⁽³⁾, komst vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS) að þeirri niðurstöðu að notkun sinkoxíðs sé örugg þegar efnið er notað sem litgjafi, óhúðað og ekki í nanóformi, í snyrtivörum til notkunar á húð. Þó taldi vísindanefndin um öryggi neytenda einnig að í ljósi bólgu í lungum, sem sinkoxíðagnir kalla fram eftir innöndun, væri notkun á sinkoxíði í snyrtivörum, sem geta leitt til váhrifa af völdum sinkoxíðs á lungu neytenda við innöndun, áhyggjuefni.
- 3) Í ljósi áhlits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ætti notkun á sinkoxíði, óhúðuðu og ekki í nanóformi, sem litgjafa í snyrtivörum að takmarkast við notkun sem leiðir ekki til váhrifa á lungu endanlegra notenda af völdum innöndunar.
- 4) Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 5) Gefa ætti iðnaðinum hæfilegan frest til að gera nauðsynlegar aðlaganir á efnasamsetningum með það í huga að setja þær á markað og til að taka vörur, sem uppfylla ekki kröfur, af markaði.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 203, 4.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

⁽²⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1489/12, endurskoðun 11. desember 2012, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_103.pdf

⁽³⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1539/14, endurskoðun 25. júní 2015, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_163.pdf

2. gr.

Frá og með 24. febrúar 2018 skal einungis setja snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, á markað í Sambandinu.

Frá og með 24. maí 2018 skal einungis bjóða snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, fram á markaði í Sambandinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 144 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 komi eftirfarandi:

Tilvísunar- númer	Auðkenning efna					Skilyrði			Orðalag notkunar skilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti	Litaskrárnúmer/ heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Litur	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i	j
„144	Sinkoxíð (*)	77947	1314-13-2	215-222-5	Hvítt			Ekki til notkunar sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun.	

(*) Til notkunar sem útblámasía, sjá nr. 30 og nr. 30a í VI. viðauka.“